

Samfélagssáttmáli um styrkveitingar í Strandabyggð

1. gr.

Tilgangur styrkveitinga

Sveitarstjórn Strandabyggðar veitir gjarnan styrki til stofnanna og félagasamtaka innan sveitarfélagsins og eru þeir styrkir ætlaðir til faglegrar uppbyggingar, sem samræmist stöðu sveitarfélagsins og hagsmunum íbúa.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að styrkir séu hvetjandi, dragi fram sköpunarkraft og framsýni íbúa og stuðli ávallt að bættu samfélagi.

2. gr.

Markmið Samfélagssáttmála um styrkveitingar

Markmiðið með þessum Samfélagssáttmála, er margþætt og má lýsa með eftirfarandi hætti:

- a) Auka skilning á eðli og tilgangi styrkveitinga
- b) Stuðla að fjölbreyttri starfsemi innan sveitarfélagsins
- c) Skapa sátt um meðferð fjármuna sveitarfélagsins, þegar kemur að styrkveitingum
- d) Efla faglega afgreiðslu styrkveitinga
- e) Auka gagnsæi stjórnýslu Strandabyggðar.

3. gr.

Ábyrgð

Sveitarstjórn leggur til við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Þær tillögur skulu byggja á eftirfarandi:

- a) Fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að hafa í huga að styrkveitingar eru ekki lögbundin starfsemi og skulu ekki hafa forgang þegar kemur að ráðstöfun fjármuna sveitarfélagsins. Sé fjárhagsstaða sveitarfélagsins þannig að það t.d. náist ekki að sinna lögbundinni starfsemi, skal ekki veita styrki fyrr en fjárhagsstaða hefur batnað
- b) Rökstuddum ábendingum forstöðumanna og starfsmanna sveitarfélagsins. Forstöðumenn og starfsmenn sveitarfélagsins geta komið með ábendingar um styrkveitingar, í aðdraganda fjárhagsáætlanagerðar
- c) Ábendingum íbúa. Skrifstofa sveitarfélagsins skal kalla eftir ábendingum íbúa í aðdraganda fjárhagsáætlanagerðar, með auglýsing á heimasíðu sveitarfélagsins og í öðrum miðlum eins og þurfa þykir. Íbúar skulu senda inn tillögur til skrifstofu sveitarfélagsins.

Skrifstofa sveitarfélagsins og sér i lagi sveitarstjóri, ber ábyrgð á framkvæmd styrkveitinga, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma.

4. gr.

Eðli styrkja

Styrkveitingar sveitarfélagsins eru eftirfarandi:

Beinir styrkir:

1. Almennir styrki. Almennir styrkir skulu veittir til félagasamtaka og stofnanna sem starfa innan sveitarfélagsins og hafa þann tilgang eða starfsemi að efla lýðheilsu, menningarstarf, útivist, félagsstarf og almenna vellíðan og ánægju íbúa. Verður sama upphæð veitt öllum aðilum
2. Sérstaka árlegan hvatningarstyrk. Hvatningarstyrk skal sá aðili fá, sem íbúar, forstöðumenn og sveitarstjórn meta hæfastan að undangenginni skoðanakönnun. Skal vægi íbúa ráða mestu þar um. Hér skal styrkja fyrirtæki, félagasamtök eða einstakling, sem kemur fram með einstaka hugmynd eða áform um stofnum fyrirtækis, þjónustu eða annarar starfsemi sem uppfyllir liði b og c í 2. gr. þessa sáttmála.

Óbeinir styrkir:

Sveitarfélagið veitir óbeina styrki í formi niðurgreidds aðgangs að aðstöðu og eignum sveitarfélagsins. Hér er átt við fundarsali, aðstöðu íþróttamiðstöðvar ofl. Óbeinir styrkir sem felast í aðstöðu og/eða húsnæði skuli metin skvæmt viðurkenndum reiknireglum sveitarfélaga um innri leigu Eignasjóðs og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Það sem ekki telst styrkhæft:

Sveitarfélagið veitir ekki styrki á eftirfarandi forsendum:

- Til starfsemi sem telst vera á samkeppnismarkaði
- Til greiðslu almenns rekstrarkostnaðar eða innkaupa á rekstrarvörum.

Sveitarstjórn skal samþykkja á sveitarstjórnarfundum, allar styrkveitingar, áður en þær eru afgreiddar til styrkþega.

5. gr.

Gildistími styrkveitingar

Styrkveiting gildir aðeins fyrir yfirstandandi fjárhagsár. Sveitarfélagið áskilur sér þannig rétt til að bregðast við bættri, eða versnandi fjárhagsstöðu á hverju ári, í aðdraganda fjárhagsáætlanagerðar.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar eða styrkveitingar af hálfu sveitarfélagsins.

6. gr.

Réttindi og skyldur

Strandabyggð áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega, samkvæmt samningi sem gerður er um styrkveitinguna.

7. gr

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með samþykkt í bæjarstjórn. Reglurnar verða endurskoðaðar eftir eitt ár frá gildistöku þeirra.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar xxxxxxxx

DRÖG